

Bliknar Njála? Stjórnarskiptin 2007 í sögulegu ljósi



*Fyrirlestur hjá Félagi stjórn málafræðinga,
24. maí 2007*

Svik og prettir, undirferli og trúnaðarrestur?

- „Mér sýnist nú bara að sjálf Njála blikni í þessum hildarleik, með Mörð Valgarðsson inni og hvað eina.“

*Guðni Ágústsson, „Kastljósinu”,
RÚV, 17.5.07*



Stjórnarskiptin 2007 í sögulegu ljósi

- Hvað er meirihluti á Alþingi?
- Léku sjálfstæðismenn á framsóknarmenn?
- Drottunarvald sjálfstæðismanna?
- Söguleg tækifæri í súginn?
- Brotthvarf forseta Íslands við stjórnarmyndanir
- Stjórnarskiptin og framtíðin

Hvað er meirihluti á Alþingi?

- „Geir sagði að ríkistjórnin væri vel starfhæf þrátt fyrir að vera aðeins með eins manns meirihluta. „Það er nóg,” sagði hann. „Þá er það bara spurning um hvort pólitískar forsendur séu fyrir því að stjórnin haldi áfram. Ég tel að það geti vel verið svo.””

Hádegisfréttir Stöðvar tvö, 13.5.07.

- „Allt ræðst þetta af pólitískum vilja, hann var fyrir hendi í viðreisnarstjórninni, en hvorki eftir kosningar 1991 né 1995. Eitt atkvæði tryggir meirihluta - málið er ekki flóknara en það og pólitískur vilji er allt, sem þarf.”

Vefdagbók Björns Bjarnasonar, 14.5.07, <http://www.bjorn.is/dagbok/nr/4020>

Hvað er meirihluti á Alþingi?

- Eftir kosningarnar 2003 bauð Össur Skarphéðinsson Framsóknarflokkki í samstarf með Samfylkingu – með 32 sæti á Alþingi
- „Það eru að opnast hér geysilega spennandi möguleikar.”

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, kosningavöku *RÚV*, 22:10, 12.5.07.

Hvað er meirihluti á Alþingi?

- „...eins og þú ert að tala núna; ég veit ekki hvernig á að túlka það öðruvísi heldur en að þú myndir þá ekki styðja slíka stjórn“.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir við Bjarna Harðarson, Silfri Egils, 13.5.07.

- Einnig bent á praktísk vandkvæði, fjarveru út af utanferðum t.d.

Hvað er meirihluti á Alþingi?

- „Viðreisnarstjórnin hin fyrri stjórnaði tvö kjörtímabil af þremur með eins atkvæðis meirihluta á Alþingi [í hvorri deild um sig] en dæmi voru um að sá tæpi meirihluti ylli henni erfiðleikum. Með breyttri fjölmiðlun hafa hins vegar komið fram á sjónarsviðið einleikarar á Alþingi sem nýta sér sviðsljós fjölmiðlanna til þess að skapa sér sérstöðu. Vel má vera að af þeim sökum sé ekki lengur hægt að byggja stjórnarsamstarf á eins atkvæðis meirihluta á Alþingi.”

Styrmir Gunnarsson, „Davíð Oddsson”. Forsætisráðherrabókin (Reykjavík, 2004), bls. 455.

Niðurstaða:

- „Naumur þingmeirihluti fráfarandi ríkisstjórnar var aðalástæða þess, að þingmenn Sjálfstæðisflokksins töldu áframhaldandi samstarf við Framsókn sísta kostinn.”
Agnes Bragadóttir, „Geir með þingrofsréttinn”. *Morgunblaðið*, 23.5.07.
- Pólitískur vilji er tæplega allt sem þarf; praktísk vandamál koma líka til.
- 32 er ekki lengur meirihlutinn af 63.

Léku sjálfstæðismenn á framsóknarmenn?

- „Þeir héldu okkur uppi á snakki ... þetta er eitt gríðarlegasta leikrit sem ég hef séð.“

Guðni Ágústsson, „Kastljósinu” , RÚV, 17.5.07.

- „Augljóst er að viðræður milli sjálfstæðismanna og Samfylkingarinnar hafa verið komnar á flug áður en viðræðum milli stjórnarflokkanna var lokið í gær. ... Ekki fer á milli mála að trúnaðarbrestur verður milli framsóknarmanna og sjálfstæðismanna vegna þess einkennilega vinnulags sem sjálfstæðismenn hafa viðhaft þessa daga. Það er ekki aðeins tvöfeldni, heldur frekar margfeldni sem einkennir þetta.“

Jón Sigurðsson, „Margfeldni í viðræðum”. www.framsokn.is, 18.5.07.

Léku sjálfstæðismenn á framsóknarmenn?

- „Með samþykki Davíðs Oddssonar ræddi ég þá um páskana [1995] við Guðmund Bjarnason, þáverandi varaformann Framsóknarflokksins, til að kanna hug þess flokks til samstarfs við okkur. ... Ég er þeirrar skoðunar, að samtöl okkar Guðmundar hafi stuðlað að því, að samstarf tókst milli flokka okkar, sem nú hefur staðið í tæp 12 ár og reynst ákaflega farsælt fyrir þjóðina.“

Björn Bjarnason, „Af vettvangi stjórnmalanna“, Þjóðmál 3/1 (2007), bls. 8-11.

Léku sjálfstæðismenn á framsóknarmenn?

- „Það eina sem kom mér á óvart var að formaður Sjálfstæðisflokksins virti ekki leikreglurnar. Þ.e.a.s. að hann skyldi bregða á það ráð að taka upp viðræður við aðra á sama tíma og viðræður fóru fram milli stjórnarflokka í hans eigin ríkisstjórn.”

Jón Baldvin Hannibalsson, DV, 18.4.95.

- Á fyrsta ríkisstjórnarfundum eftir kosningarnar 1995 áskildi Davíð Oddsson sér rétt að ræða við aðra flokka.

Niðurstaða:

- „Við dingluðum áfram á meðan Sjálfstæðisflokkurinn dílaði og vílaði.”
Össur Skarphéðinsson, „Silfri Egils”, *Stöð tvö*, 13.5.07.
- „Framsóknarflokkurinn er núna að verða fyrir því sem Alþýðuflokkurinn varð fyrir '95.“
Steingrímur J. Sigfússon, „Kastljósinu”, RÚV, 17.5.07.
- Atburðarásin frá 1995 var endurtekin í stórum dráttum árið 2007. Enginn er annars bróðir í leik.

Drotnunarvald sjálfstæðismanna?

- „... ég hreyfði þeim möguleika við Ingibjörgu Sólrúnu [tveimur vikum fyrir kosningar] að við byndumst fastari böndum til að hindra að Sjálfstæðisflokkurinn spilaði okkur í sundur en hún eyddi því. Ég spyr mig að því núna af hverju hún gerði það.“
Steingrímur J. Sigfússon, Morgunblaðið, 20.5.07.
- „Þeir eru að gera sig eitthvað heilaga í framan, en þeir fóru ekkert öðruvísi að en við. ... VG virðast hafa haldið að þeir væru á undan okkur í biðröðinni við Sjálfstæðisflokkinn, ef og til þess kæmi.“
Viðtal við áhrifamann innan Samfylkingarinnar, 22.5.07.

Drotnunarvald sjálfstæðismanna?

- „Á sunnudeginum var tryggt að ákveðnir kanalar væru opnir, og boð [milli forystu VG og Sjstfl.] voru send gegnum trúnaðarmilligöngumenn.“
Viðtal við áhrifamann innan VG, 22.5.07.
- „Við ættum ekki í neinum vandræðum með að vinna með fólkinu í Vinstri grænum, það strandar einfaldlega á málefnum.“
Ónefndur þingmaður Sjálfstæðisflokksins. Agnes Bragadóttir, „Geir með þingrofsréttinn.“ Morgunblaðið, 23.5.07.

Drotnunarvald sjálfstæðismanna?

- „Þessi grein er rituð og birt hér til þess að samfylkingarfólk um allt land velti þeim kosti fyrir sér að vinna í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum, en mörg okkar hafa tilhneigingu til að líta fremur á dekkri hliðar hans en styrkleika.“

Margrét S. Björnsdóttir, „Pólitískt erindi og samstarfskostir Samfylkingarinnar“. Morgunblaðið, 15.7.2006.

- Þessi grein vakti enga sérstaka lukku. Ingibjörg Sólrún horfði áfram til R-lista módels frekar.

Viðtal við áhrifamann innan Samfylkingarinnar, 22.5.07.

Drotnunarvald sjálfstæðismanna?

- „...ég er bara búin að horfa upp á það hvernig menn tala saman í þessum flokkum; skeytasendingarnar sem hafa gengið þarna á milli.“

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, „Kastljósið”, RÚV, 17.5.07

- „Það er að minnsta kosti ekki Samfylkingunni að kenna að ekki var mynduð R-lista stjórn.“

Rúnar Pálmason, „Ánægja og stuðningur”. Morgunblaðið, 22.5.07.

Söguleg tækifæri í súginn?

- „Ekki skil ég hvers vegna Ingibjörg Sólrún þarf að kenna Steingrími J. um það að hana langaði mest í stjórn með Sjálfstæðisflokknum. Þessi farsí er ansi gamall í íslenskum stjórnámálum. Flokkar blekkja aðra flokka til þess að komast í ríkisstjórn og reyna svo að kenna einhverjum öðrum um.”

Sverrir Jakobsson, „Alltaf hinum að kenna”, 17.5.07,
<http://kaninka.net/sverrirj/>

Söguleg tækifæri í sùginn?

- „Ég er einn af þeim sem vona enn – þótt vonin verði vissulega veikari með degi hverjum – að félagshyggju- og velferðaröflin í landinu setjist niður og myndi svokallaða R-lista stjórn. Í fyrsta skipti í lýðveldissögunni eru forsendur fyrir því að mynda slíka ríkisstjórn undir forsæti annars flokks en framsóknar. Það er sögulegt tækifæri eitt og sér.”

Guðmundur Steingrímsson, „Stjórnarmyndun”, 17.5.2007

<http://gummisteingrims.blog.is/blog/gummisteingrims/entry/213195>

Söguleg tækifæri í sùginn?

- „Hver mun nú klúðra hinu sùgulega tækifæri? Jafnaðar- og félagshyggjufólk í flokkunum þremur hlýtur að hvetja til þess að mynduð verði öflug velferðar- og félagshyggjustjórn fremur en ríkisstjórn sem mun eiga allt sitt undir fjármálaöflunum í landinu, eins konar baugsstjórn.”

*Árni Þór Sigurðsson, „Ingibjörg getur enn orðið forsætisráðherra”,
17.5.2007, <http://arnith.blog.is/blog/arnith/entry/213767/>*

Söguleg tækifæri í súginn?

- „Nú er sundrunskenningunni hrundið. Þetta mátti heita útilokað hér áður fyrr.“

Steingrímur Hermannsson. Tíminn, 13.4.91.



Söguleg tækifæri í sùginn?

- „Ólafur Ragnar Grímsson, formaður Alþýðubandalagsins, segist ekki skilja þá ákvörðun Jóns Baldvins Hannibalssonar, formanns Alþýðuflokksins, að leggja til við forseta að veita Davíð Oddssyni, formanni Sjálfstæðisflokksins, umboð til stjórnarmyndunar. Í samtali við Morgunblaðið í gær sagði Ólafur að þetta væri svartasti dagurinn í sögu íslenskrar jafnaðarmannahreyfingar, þar sem Jón Baldvin hefði brugðist hugsjón íslenskra jafnaðarmanna um að hér yrði byggð upp öflug jafnaðarmannahreyfing, sem setti Sjálfstæðisflokkinn til hliðar í íslenskum stjórnmálum.”

Morgunblaðið, 5.5.91.

Söguleg tækifæri í súginn?

- „Strax eftir kosningarnar ræddi ég við fulltrúa Alþýðubandalagsins og Kvennalistans og í framhaldi af því talaði ég við formann Alþýðuflokksins. Það var mitt mat, að loknu því samtali, að það væri ekki grundvöllur fyrir áframhaldandi viðræðum.”

Halldór Ásgrímsson, DV, 18.4.95

Söguleg tækifæri í súginn?

- „Ólafur Ragnar Grímsson, formaður Alþýðubandalagsins, segir að Halldór Ásgrímsson hafi gengið á bak orða sinna með því að ákveða að ganga til viðræðna við Davíð Oddsson um stjórnarmyndun Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. ... Á fundi með forseta Íslands í gær bar Ólafur Ragnar formlega upp þá tillögu þingflokks Alþýðubandalagsins, að Halldór Ásgrímsson fengi umboð til að mynda ríkisstjórn stjórnarandstöðuflokkanna.”

Morgunblaðið 19.4.95

Niðurstaða:

- Tímabilið frá 1970 til 1991 var erfiðleika- og hnignunarskeið Sjálfstæðisflokksins í íslenskri flokkapólitík, og um leið blómaskeið Framsóknarflokksins í lýðveldissögunni.
- Tímabilið frá 1991 og a.m.k. fram yfir 2007 er blómaskeið Sjálfstæðisflokksins.
- Ekki var nægur vilji og/eða geta til að mynda vinstri stjórnir. Hjá Alþýðuflokki 1991, Framsóknarflokki 1995 (og 2003), og Samfylkingu 2007.
- VG gerði ákvörðun Samfylkingar auðveldari 2007.

Brotthvarf forsetans

- „Ég mun ekki biðjast lausnar, að minnsta kosti ekki að svo stöddu, á meðan við höfum ekki ákveðið annað, og stjórnin situr.”

Geir H. Haarde, hádegisfréttum Stöðvar tvö, 13.5.07.



Brotthvarf forsetans

- „Ef ... núverandi ríkisstjórnarflokkar, sem hafa 32 þingmenn, kjósa það að mynda ríkisstjórn, þá getur enginn komið í veg fyrir það. Það verður hins vegar að eiga sér eðlilegan aðdraganda. ... Það er engin spurning að Steingrími Hermannssyni ber að biðjast lausnar. Það liggur fyrir að ekki hefur verið mynduð nein ríkisstjórn fyrir næsta kjörtímabil. Ef það er hans ákvörðun að biðjast ekki lausnar, en byrja að reyna að mynda ríkisstjórn, þá er hann að skammta sér sjálfur stjórnarmyndunarumboð, sem forseta ber að veita.”

Jón Steinar Gunnlaugsson. Morgunblaðið, 24.4.91.

Brotthvarf forsetans

- „Mér sýnist málefni dagsins í dag vera það hvort Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra ætlar að fara eftir þingræðisvenjum og biðjast lausnar eða hvort hann hyggst sitja áfram og reyna að mynda stjórn án þess að hafa umboð til þess frá forseta Íslands.“

Friðrik Sophusson. Tíminn, 23.4.91.

Brotthvarf forsetans



- „Ég á bara von á því að hann sinni sínum skyldum eins og stjórnarskrá landsins gerir ráð fyrir, og dettur ekkert annað í hug.“
Svar Geirs H. Haarde við spurningu í aukafréttatíma RÚV, 15:00, 17.5.07.
- „Við erum orðin ásátt um að hefja viðræður ef ég fæ til þess umboð frá forseta Íslands til að mynda nýja meirahlutastjórn. Ég mun ganga á fund forsetans klukkan 11 í fyrramálið og biðjast lausnar fyrir núverandi ráðuneyti mitt og fara fram á umboð til að mynda nýja meirihlutastjórn með Samfylkingunni.“
Geir H. Haarde, kvöldfréttum RÚV, 17.5.07.

Brotthvarf forsetans

- „Þetta tel ég alls ekki velsæmi. Mér hefur ekki dottið í hug að svona framgangsmáti ætti sér stað. Þarna er verið að taka frumkvæðið af forseta. Svo kemur hann eins og hálfviti á eftir og felur manni að gera það sem hann er búinn að segja opinberlega að eigi að fela sér.“

Dagbók Kristjáns Eldjárn, 18.6.71.



Brotthvarf forsetans



- „Formaður Sjálfstæðisflokksins hefur greint mér frá viðræðum sem hann hefur átt við formann Samfylkingarinnar, og í ljósi þeirrar frásagnar og hvernig ég met stöðuna, meðal annars í ljósi upplýsinga sem fram hafa komið á opinberum vettvangi, þá tel ég ekki nauðsynlegt að eiga viðræður við aðra forystumenn, hvorki formann Samfylkingarinnar né aðra.“

Ólafur Ragnar Grímsson, aukafréttatíma Stöðvar tvö, 11:00, 18.5.07

Brotthvarf forsetans

- „Margir sjálfstæðismenn höfðu áhyggjur af því að forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, mundi leika einhverja óvænta leiki um leið og formaður Sjálfstæðisflokksins baðst lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt. Það varð ekki og kom mörgum á óvart. Sennilega finnst forsetanum að hann hafi á seinni árum ruggað bátnum um of og að það hentaði ekki hagsmunum hans að ganga lengra en hann hefur þegar gert.“

„Reykjavíkurbref“. Morgunblaðið, 20.5.07.

Brotthvarf forsetans

- „Það er ekki hlutverk forsetans endilega að fara hverju sinni í hringferð í viðræðum við forystumenn allra flokkanna nema að það sé *naudsynlegt* til að forsetinn geti komist að slíkri niðurstöðu.”
- „Ja, eins og sagan sýnir, ef að formaður Sjálfstæðisflokksins kemst að þeirri niðurstöðu að hann geti ekki myndað ríkisstjórn þá skilar hann umboðinu til forseta á nýjan leik, en það er engin ástæða til að ræða slíkt fyrr en ef og þegar til slíks kemur.“

Ólafur Ragnar Grímsson, aukafréttatíma Stöðvar tvö, 11:00, 18.5.07

Brotthvarf forsetans

- „... forseti lýðveldisins sá ekki einu sinni ástæðu til að fylgja hefð og ræða við alla formenn flokkanna þegar forsætisráðherra baðst lausnar“.

Steingrímur J. Sigfússon, Morgunblaðið, 20.5.07.

Niðurstaða:

- „Nú eru náttúrliga stjórnarmyndunarviðræðurnar fram undan, þetta voru ekki stjórnarmyndunarviðræður okkar á milli.”

Jón Sigurðsson, aukafréttatíma RÚV, 15:00, 17.5.07.

- Nýtt hugtak: „Sömustjórnarmyndunarviðræður”.
- Ekkert athugavert við ákvörðun Geirs H. Haarde, þrátt fyrir gagnrýni ýmissa sjálfstæðismanna 1991.

Niðurstæða:

- Íhugunarefni hvort ekki eiga að gefa leiðtogum allra flokka á þingi tækifæri á að ræða við forseta þegar ljóst er að hann mun þurfa að veita umboð til stjórnarmyndunar, jafnvel þótt fyrir liggi að tveir flokkar hafi ákveðið að ræða um myndun meirihlutastjórnar.
 - Hefði aðeins tekið nokkra klukkutíma; hefði ekki talist „óeðlileg afskipti“.
 - Umboð hefði getað verið veitt sama dag.
 - Minnihlutinn – væntanleg stjórnarandstaða – hefur einnig réttindi.
 - Hvað ef viðræður hefðu ekki skilað árangri? Þarf forseti ekki þá að hafa heyrt sjónarmið annarra frá fyrstu hendi?

Stjórnarskiptin 2007 í sögulegu ljósi – þingrof eftir tvö ár

- „Hún [Ingibjörg Sólrún] getur á miðju þessu kjörtímabili efnt til ágreinings við Sjálfstæðisflokkinn og rofið stjórnarsamstarfið. Það verður auðvelt fyrir hana við slíkar aðstæður að mynda ríkisstjórn með Vinstri grænum og Framsóknarflokknum. ... Þetta er mesta hættan sem Sjálfstæðisflokkur Geirs H. Haarde stendur frammi fyrir.”
„Reykjavíkurbref”. Morgunblaðið, 20.5.07.
- „Ærið fögur er mæð sjá og munu margir þess gjalda.“
Njáls saga, 1. kafli.

Stjórnarskiptin 2007 í sögulegu ljósi – ESB-aðildarviðræður

- „Nú er ljóst að aðild að Evrópusambandinu er eitt af grundvallarmarkmiðum Samfylkingarinnar. ... En um leið og Sjálfstæðisflokkurinn gæfi nú til kynna að hann gæti hugsað sér að breyta um stefnu í ESB-málum gæti komið til dramatískra átaka innan flokksins.”

„Reykjavíkurbref”. Morgunblaðið, 20.5.07

Stjórnarskiptin 2007 í sögulegu ljósi – Geir og Davíð

- „Það má því með sannri segja, að Geir H. Haarde og Sjálfstæðisflokkurinn standi á ákveðnum tímamótum nú, þar sem tímabil Geirs H. Haarde hefst og tímabili Davíðs Oddssonar lýkur endanlega.”

Agnes Bragadóttir, „*Geir með þingrofsréttinn*”. Morgunblaðið, 23.5.07.

Stjórnarskiptin 2007 í sögulegu ljósi – samvinna vinstri afla

- „Það [stjórnaraðild Samfylkingar] myndi eyðileggja vinstri pólitíkina næstu tíu árin.“
Pétur Tyrfingsson, „Silfri Egils”, Stöð tvö, 13.5.07.
- „Í mínum huga er tilrauninni frá 1999 lokið. Samfylkingar-tilrauninni er lokið.“
Viðtal við áhrifamann innan VG, 22.5.07.
- „Margt bendir til að Samfylkingin hafi tekið yfir gamla lykilhutverk Framsóknarflokksins á taflborði stjórnmalanna. Reynslan ein getur hins vegar skorið úr um hvort hún mun leggja meiri áherslu á stjórnmalalega festu eða hitt að sveiflast ótt og títt á milli hægri og vinstri vængjanna“
Þorsteinn Pálsson, „Breið skírskotun”. Fréttablaðið, 24.5.07.

Stjórnarskiptin 2007 í sögulegu ljósi – Framsóknarflokkurinn

- „Framsóknarflokkurinn er ekki lengur einungis dreifbýlisflokkur, heldur höfum við fest flokkinn í sessi á höfuðborgarsvæðinu.”
Siv Friðleifsdóttir. Tíminn, 11.4.95.
- „Nú erum við á núllpunkti. Með minnsta fylgi sem flokkurinn hefur haft í kosningum og leiðin héðan af liggur ekkert nema uppávið...”
Bjarni Harðarson, „Takk og aftur takk!” 13.5.07,
<http://www.bjarnihardar.blog.is/blog/bjarnihardar/entry/208921/>

Bliknar Njála?

- „Þetta eru orð sem eru sögð í hita leiksins, og þetta eru orð sem á að fyrirgefa þeim.“

Hannes Hólmsteinn Gissurarson, hádegisviðtali Stöðvar tvö, 19.5.07.